Matvælastofnun

## Gátlisti fyrir sauðfjár- og geitahald

| | Mengi | Skoðunaratriði | Frávik | Alvarleg frávik |
|---|---|---|---|---|
| | **Holdafar og heilbrigði** | | | |
| 9.44.1 | | Fóðrun og brynning | Grannir eða akfeitir gripir. Ekki gerður greinarmunur á aldri eða ástandi gripa. Holdgrannir gripir ekki teknir og fóðraðir sér. Rými við átpláss of lítið Lítið gegnumrennsli vatns. Brynningartæki/vatnsdallar mjög skítugir. Sjá skema grænn - gulur - rauður | Mjög rýrir eða horaðir gripir. Holdastig undir 2. Brynningu verulega ábótavant. Frosið vatn. |
| | | Heilbrigði | Mikið um vansæla, veikindalega gripi sem ekki hefur verið sinnt. | Mikil afföll vegna veikinda, eða án skýringa án þess að brugðist hafi verið við. |
| 9.41.1 | | Þekking, geta, hæfni | Þekking eða geta af skornum skammti. | |
| 8.45.4 | | Garnaveikibólusetning | | Ekki verið bólusett eða ekki allt bólusett. |
| | | Ræktun gegn riðu - eftirlit í Fjárvís | Ef ræktun er undir markmiðum fyrir viðkomandi varnarhólf. | Ræktun gegn riðu er ekki hafin, ef VRQ hrútar eru notaðir við ræktun. |
| | **Eftirlit og umhirða** | | | |
| 9.44.3 | | Eigið eftirlit - tryggð sé velferð með eftirliti og úrbótum á því sem ábótavant er | Ekki daglegt eftirlit. Sjúkir/slasaðir gripir en ekki hefur verið gripið til aðgerða. Rýrir gripir, ekkert aðhafst. | Ekkert eftirlit. Illa slasaðir og mjög veikir gripir og ekki hefur verið gripið til aðgerða |
| 9.44.2 | | Hreyfigeta / tjóðrun | Gripir bundnir | |
| 9.42.3 | | Sérstakar stíur - gemlingar, vanmetafé, auðvelt að koma upp sér stíu | Gemlingar/kið eru hafðir með fullorðnu fé. Vanmeta fé er ekki fóðrað sér. Ekki er aðstaða til að koma upp án fyrirvara stíu fyrir sjúka/slasaða gripi | |
| 9.43.3 | | Lýsing - hægt að fylgjast með fé allsstaðar í húsinu. Dagsbirta | Ónóg lýsing eða full lýsing allan sólarhringinn | Hvorki lýsing né dagsbirta |
| 9.44.7 | | Útivist og skjól | Lítill hagi. Ekki skjól fyrir geitur í sumarhögum.Fyrir sauðfé sem gengur úti á vetrum þarf að vera til nægilegt húsaskjól í hæfilegri fjarlægð til þess að unnt sé að forða fé undan veðrum með litlum fyrirvara. | |
| 9.44.4 | | Hreinleiki dýra/legusvæða - eru legusvæði þurr | Skítugir/blautir gripir og legusvæði óhreint/blautt. Sjá skala grænn - gulur - rauður | Hlandbruni. Mjög skítugir og vansælir gripir. Skali um hreinleika sauðfjár og geita. |
| 9.44.5 | | Helti - klaufir og horn | Ofvaxnar klaufir, liðabólgur, lítil helti, horn við það að vaxa í höfuð án þess að brugðist sé við. | Klaufir mikið vaxnar, snúnar, haltir gripir. Hornvöxtur í höfuð |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **9.44.10** | | Húð og hárafar/ull - rúningur | Tvíreyfur | Rúið fé haldið við ófullnægjandi aðstæður - kulda/raka |
| | **Aðbúnaður** | | | |
| **9.44.6** | | Legurými, þéttleiki í stíum | Legupláss of lítið | |
| **9.43.4** | | Loftræsting og loftgæði | Dragsúgur í kringum legusvæði, þungt loft, vond lykt (stækja), mikið ryk, blautir veggir og/eða loft mygla og slepja. Of kalt eða of heitt þannig að gripir sýni vanlíðan. | Engin loftræsting. Líðan gripa mjög slæm, mikill kuldi. Mikill raki blautir gripir. Ammoníak yfir 20 ppm |
| **9.42.1** | | Gólf - slysahætta, hálka, bleyta, óhreinindi | Skemmd gólf (t.d. brotið úr bitum eða rimlar mikið eyddir). Gólfefni sem ekki standast kröfur samkvæmt viðauka II. Samþykkt gólfefni en áverkar á gripum sem rekja má til gólfefnis. Viðhaldi og/eða frágangi verulega ábótavant. Gólf verulega hál gripir eiga erfitt með að fóta sig | Grófir áverkar á gripum eða mikil slysahætta sem rekja má til gólfefnis |
| **9.43.5** | | Slysavarnir - op í taðgeymslur - hættuleg efni | Opið í taðgeymslur, óvarið kjarnfóður. | |
| **9.43.1** | | Innréttingar - milligerði, garðar, gjafagrindur | Innréttingar ekki í samræmi við reglugerðarákvæði | Slysahætta af innréttingum. Innréttingar verulega úreltar og hamla mjög vellíðan og öryggi gripanna. |
| **9.44.8** | | Hljóðmengun | Stöðugur og óþægilegur hávaði - yfir 65 dB á legusvæði | |
| **9.44.12** | | Aðgerðir - geldingar og afhornun | | Geldingar og afhornun inn í slóg ekki framkvæmt af dýralækni. |
| | **Skráningar** | | | |
| **7.31.2** | | Hjarðbók | Fáar eða engar uppfærslur. Upplýsingar í hjarðbók gefa ekki skýra mynd af fjölda og aldri gripa á bænum | Engar skráningar í hjarðbók. |
| **7.31.1** | | Merking gripa - einstaklingsmerkingar | Einstaka gripur hefur týnt merki. Ný merki í pöntun eða til á staðnum. Merki vantar í fleiri gripi og/eða gemlingar ómerktir. | Gripir ekki merktir. |
| **5.33.1** | | Sjúkdóma- og lyfjaskráning | Sjukra- og lyfjaskráning ekki til staðar | |
| **8.45.1** | | Kaup og sala gripa - leyfi, skráningar | Flutningar ekki skráðir í hjarðbók | Flutningur á gripum milli varnarhólfa eða innan riðuholfa án samþykkis Matvælastofnunar. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Hreinlæti ofl** | | | |
| **8.45.2** | | Smitgát á býlinu | Þrifaaðstöðu ábótavant. Ekki aðstaða til handþvottar og þrifa á skófatnaði.Fé í garða, á átsvæði. Laus hænsni í fjárhúsum, hundar/ í görðum/á átsvæðum. Ef nautgripir og sauðfé éta af sama átborði eða hafa beina snertingu í húsum. | |
| **4.32.1** | | Umhverfi útihúsa - þrifnaður og mengun | Áhöld/drasl umhverfis hús. Svæði fyrir framan dyr fjárhúss ekki þrifalegt, aðkoma að fjárhúsi veðst upp í bleytum | Dýrahræ við starfsstöð, skítahaugur fyrir framan hús |
| **4.26.1** | | Verklag við aukaafurðir | Engin aðstaða til förgunar úrgangs (spilliefni/hræ). Er uppsöfnun á hræjum. | |
| **5.24.1** | | Verklag við umbúðir og beit - mengun fóðurs vegna efna og búfjáráburðar | Slegin eða beitt nýáborin tún.  Frágangur og gey | Áburðarsekkir notaðir undir fóður. Kjötmjöl og molta ekki notað samkvæmt reglum. |
| | **Fóður** | | | |
| **4.22.1** | | Meindýr og smitvarnir | Merki um meindýr í fóðri. Engar fyrirbyggjandi ráðstafanir gerðar til varnar því að meindýr komist í fóður. Eitur kemst í snertingu við fóður. Notuð er drekking eða límbakkar. | |
| **4.23.1** | | Verklag þrifa | Aðstaða fyrir fóður skal vera vel um gengin og hrein. Ekki séu óæskileg efni geymd í fóðurgeymslum. Eru moð og fóðurrestar fjarlægt jafn óðum. | |
| **5.24.2** | | Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs | Mikið af götóttum pakkningum um hey. Dýr komast í heystæður. Útistæður geymdar við ófullnægjandi aðstæður. | |
| **5.24.3** | | Skráningar á notkun plöntuvarnarefna og sæviefna | Skráningar ófullnægjandi s.s. á notkun eiturefna. Jörð/Afurð. | |
| **5.24.4** | | Skráningar á notkun sáðvöru - tegund, notkunarstaður, sölufyrirtæki | Skráningar ófullnægjandi. | Söluaðili ekki skráður sem slíkur. |
| **6.21.2** | | Skráningar við móttöku - uppruni og magn fóðurs sem keypt er inn | Skráningar ófullnægjandi. | Söluaðili fóðurs ekki skráður sem slíkur. |